

Menningar- og viðskiptaráðherra, Almennarómur, ÖBÍ
réttindasamtök og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu eru sammála
um eftirfarandi

VILJAYFIRLÝSINGU:

Menningar- og viðskiptaráðherra, Almennarómur – miðstöð máltækni, ÖBÍ réttindasamtök og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) hafa hug á að vinna saman að stórbættu stafrænu aðgengi fatlaðs fólks með hjálp íslenskrar máltækni. Til marks um þann vilja er undirrituð þessi viljayfirlýsing sem skilgreinir skýrar og afmarkaðar aðgerðir í málaflokknum til komandi árs.

Með máltækniáætlunum stjórnvalda hafa stjórnvöld og Almennarómur, miðstöð máltækni á Íslandi, skuldbundið sig til að vinna að því markmiði að tryggja stafræna framtíð íslenskrar tungu. Almennarómur fer með framkvæmd máltækniáætlana fyrir hönd ráðuneytisins. ÖBÍ réttindasamtök gæta réttinda fatlaðs fólks gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum og er stafrænt aðgengi eitt af áherslumálum samtakanna. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sér um þróun og útgáfu námsgagna og styður við þarfir fatlaðra nemenda í skólakerfinu.

Málefni íslenskrar tungu og máltækni eru á borði menningar- og viðskiptaráðherra. Í viðleitni til þess að auka veg íslenskunnar í stafrænum heimi og tryggja þannig stafrænt aðgengi allra sem reiða sig á tæknilegar lausnir í daglegu lífi, réðst menningar- og viðskiptaráðuneytið, í samstarfi við ÖBÍ réttindasamtök, fyrr á árinu, í greiningu á þörfum fatlaðs fólks fyrir vörur og hugbúnað sem byggja á máltækni. Greiningin var unnin af ráðgjafafyrirtækjunum Sjá og Mennsk.

Hér á eftir eru skilgreindar fimm aðgerðir sem byggja á niðurstöðum greiningarinnar. Allar krefjast þær samvinnu tveggja eða fleiri aðila viljayfirlýsingarinnar en með hverri aðgerð er tilgreindur einn aðili sem ber ábyrgð á að fylgja eftir framkvæmd hennar:

1. Upplýsingagátt

Unnið verður að því að koma á fót upplýsingagátt þar sem teknar verða saman helstu lausnir óháð því hvaða hópum þær gagnast. Það er lykilatriði að fólk geti með auðveldum hætti kynnt sér hvaða lausnir eru í boði og gætu gagnast þeim.

Ábyrgð: ÖBÍ

2. Lausnir í kennslu

Aðgengi að upplýsingum um lausnir sem nýta má í kennslu verður aukið. Þar er bæði átt við búnað en einnig smáforrit og aðrar lausnir. Unnið verður að því að þróa umhverfi til fjarnáms fyrir fjarkennslu íslensks tákna máls með þróun námsefnis sem hentar til tölvustudrar tungumálakennslu.

Ábyrgð: MMS

15/10
MMS
ÖBÍ

3. Íslenskur talgervill - samtal við fyrirtæki um lausnir

Halda áfram þróun á talgervilslausnum með íslenskum röddum. Mikilvægt er að í boði sé lausn á öllum helstu miðlum. Ljóst er að Apple umhverfið er styst á veg komið þegar kemur að íslensku og afar mikilvægt að gera bragarbót þar á.

Ábyrgð: **Almannarómur**

4. Raddbanki fyrir íslenskar raddir

Leitast verður við að styðja við stofnun raddbanka hjá Háskóla Íslands. Mikilvægt er að greiða veg verkefnisins, ræða við þróunaraðila og kanna samstarfsmöguleika ólíkra aðila.

Ábyrgð: **Almannarómur**


5. Þýðingar á mikilvægum forritum

Stuðlað verður að auknum þýðingum á helstu forritum sem fatlað fólk notar í daglegu lífi og hefja samtal við þróunaraðila slíkra forrita. Dæmi um slík forrit eru leiðsöguforrit, skipulagsforrit og þjálfunar- og sjúkdómsgreiningarforrit.

Ábyrgð: **ÖBÍ**

Reykjavík, 23. október 2024

F.h. menningar- og viðskiptaráðuneytis




Lilja Dögg Alfreðsdóttir

F.h. Almannaróms



Lilja Dögg Jónsdóttir Donovan

F.h. ÖBÍ réttindasamtaka



Eva Þengilsdóttir

F.h. Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu



Árni Árnason